

14. nóvember 2014

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

Með tölvupósti óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30 mál.

Með frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (First North Iceland) til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (NASDAQ OMX Iceland).

Í greinargerð með frumvarpinu segir að auknar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgum fjármálagerninga myndu fjölga fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna. Jafnframt segir að vernd fjárfesta sé tryggð með sambærilegum hætti á markaðstorgi fjármálagerninga og á skipulegum verðbréfamarkaði.

Seðlabanki Íslands vill benda á að verði frumvarpið að lögum mun það ekki fjölga fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna heldur gera þeim kleift að fjárfesta í auknum mæli í verðbréfum sem tekin eru til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga (óskráðum verðbréfum). Því ber að halda til haga að á markaðstorgi fjármálagerninga eru alla jafna ekki gerðar eins ríkar kröfur um upplýsingaskil aðila, til dæmis hvað varðar reikningsskil og yfirlýsingar vegna stjórnarháttanna, og á skipulegum verðbréfamarkaði. Auk þess er ekki gerð krafa um flöggunarskyldu og þar gilda ekki yfirtökureglur laga um verðbréfavíðskipti. Skilyrði um dreift eignarhald eru jafnframt minni. Þannig er fjárfestavernd minni á markaðstorgi fjármálagerninga en á skipulegum markaði og seljanleikaáhætta meiri.

Seðlabanki Íslands hefur tekið undir sjónarmið þess efnis að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna í verðbréfum sem verslað er með á

markaðstorgi fjármálagerninga, m.a. þar sem framboð á skráðum verðbréfum í kauphöll er takmarkað, og að fjárfestingarheimildirnar verði í eðlilegu samhengi við aðrar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er starfandi nefnd sem vinnur að endurskoðun fjárfestingarheimilda lífeyrissjóðanna og standa væntingar til þess að hennar vinnu ljúki fljótlega. Seðlabankinn telur rétt að bíða niðurstöðu þeirrar vinnu og í framhaldinu endurskoða ákvæði laga um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri